


Forvarnarstefna Reykjanesbæjar



Samþykkt í Bæjarstjórn Reykjanesbæjar í nóvember 2003

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar

Með forvarnarstefnu þessari lýsir Bæjarstjórn Reykjanesbæjar yfir vilja sínum til að setja mannigildi í öndvegi, stuðla að betri menntun, öryggi á heimilum og bæta aðbúnað og umhverfi barna og unglinga.

Markmiðið er að stuðla að auknu heilbrigði og hamingju barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Til að það takist, þarf markvissa og góða samvinnu meðal þeirra sem vinna að forvörnum. Hver sú stofnun eða félag sem starfar í bæjarfélaginu þarf því að marka sér stefnu í forvörnum og gera sér grein fyrir hvernig hægt er að ná settum markmiðum. Forvarnaráætlanir helstu stofnana og félaga í Reykjanesbæ eru því órjúfanlegur hluti af Forvarnarstefnu Reykjanesbæjar.

Megin markmið með forvarnarstefnu er:

Að skapa aðstæður sem eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif og efla sjálfstraust og sjálfsmat barna og ungmenna með því:

- að auka samstarf skóla og heilsugæslu
- að auka fræðslu til foreldra barna á leik- og grunnskólaaldri
- að auka fræðslu kennara, leiðbeinanda og þjálfara barna á leik og grunnskólaaldri
- að samræma fræðslu allra aðila sem starfa með börnum og ungmennum
- að stuðla að auknum tilboðum í heilbrigðum tómsundum fyrir alla aldurshópa
- að efla íþróttaiðkun
- að auka stuðning við forvarnarstarf fjölskyldu og félagsþjónustu
- að bjóða heilsdagsvistun í leikskólum fyrir tveggja til fimm ára börn
- að auka gæði menntunar í grunnskólum
- að bjóða vandaða þjónustu í frístundaskóla
- að auka þátt vinnuskólans í forvarnarfræðslu og umfjöllun um skaðsemi fíkniefna.
- að koma í veg fyrir neyslu barna og ungmenna á vímuefnum með fyrirbyggjandi aðgerðum.
- að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og lífsviðhorfum

Framkvæmd:

Hvert svið sveitarfélagsins og þau félagasamtök eða stofnanir sem í því starfa, setja sér stefnu í forvörnum. Forvarnarstefna Reykjanesbæjar skal höfð til viðmiðunar við þá stefnumótun. Í forvarnarstefnum einstakra sviða og félaga skal koma fram nánari útfærsla á því hvernig yfirmarkmiðum Reykjanesbæjar í forvörnum er náð.

Aðilar að forvarnarstefnu Reykjanesbæjar:

Forvarnarstefnan tekur til starfsemi allra stofnana bæjarfélagsins og félaga og félagasamtaka sem ekki eru á forræði bæjarfélagsins. Aðilar að forvarnarstefnu Reykjanesbæjar eru:

Fjölskyldu og félagsþjónusta,
Fræðsluskrifstofa,
Grunnskólar,
Leikskólar
Félagsmiðstöðin Fjörheimar
Útideild
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar
Tómsundabandalag Reykjanesbæjar

Skátafélagið Heiðabúar
FFGÍR – Félag foreldrafélaga grunnskóla í Reykjanesbæ
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Þjóðkirkjan
Þroskahjálp á Suðurnesjum
Brunavarnir Suðurnesja
Lögreglan

Fjármögnun:

Hvert svið sveitarfélagsins starfar að forvörnum samkvæmt fjárhagsramma. Auk þess geta þeir sem vinna að forvörnum í sveitarfélaginu sótt um styrk í sérstök verkefni í Forvarnarsjóð Reykjanesbæjar, eða aðra forvarnarsjóði.


Kynning stefnunnar: Forvarnar-og æskulýðsfulltrúi annast kynningu á forvarnarstefnunni. Hægt er að nálgast forvarnarstefnuna á heimasíðu Reykjanesbæjar og á skrifstofum bæjarfélagsins.

Eftirfylgd og eftirlit: Forvarnar-og æskulýðsfulltrúi hefur yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnunnar og ber ábyrgð á henni gagnvart Bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Endurskoðun: Stefnu þessa skal endurskoða í október ár hvert. Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi skal þá gera bæjarstjórn grein fyrir því hvernig til hefur tekist að ná fram markmiðum forvarnarstefnunnar.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar

SKIPURIT



Efnisyfirlit

• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar / Fjölskyldu- og félagsþjónusta	5
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Fræðsluskrifstofa.....	6
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Heiðarskóli.....	8
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Holtaskóli.....	10
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Myllubakkaskóli	12
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Njarðvíkurskóli	14
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Leikskólar.....	15
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Félagsmiðstöð.	17
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Útídeild.....	18
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	19
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Tómskundabandalag Reykjanesbæjar	21
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Skátafélagið Heiðabúar.....	23
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar –FFGÍR- Félag foreldrafélaga grunnskóla í Reykjanesbæ.	25
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Fjölbautaskóli Suðurnesja	27
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Nemendafélag FS	29
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar- Kirkjan.....	30
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Þroskahjálp á Suðurnesjum	32
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Brunavarnir Suðurnesja.....	33
• Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - lögreglan	35

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar / Fjölskyldu- og félagsþjónusta

Markmið:

- Að stuðla að fögru og bættu mannlífi í Reykjanesbæ. Kjörorðið er “Foreldrar eru besta forvörnin”.
- Að veita fjölskyldum í vanda stuðning og aðstoð við að finna úrræði við hæfi.
- Að vinna markvisst að jákvæðri barnavernd.
- Að hvetja foreldra og börn til að leita sér aðstoðar, ráðgjafar og stuðnings þegar þess er þörf.
- Að hjálpa til sjálfshjálpar sé ávallt höfð að leiðarljósi í samskiptum við viðskiptavinum.

Framkvæmd:

- Að styrkja forelda sem undirstöðuafli fyrir komandi kynslóðir með markvissum hætti s.s. námskeiðum, fyrirlesturum og greinaskrifum.
- Að senda skýr skilaboð til foreldra um grundvallar uppeldismarkmið.
- Vera í góðri samvinnu við þá aðila sem vinna að forvörnum í sveitarfélaginu, s.s. menningar- íþrótt- og tómstundaskrifstofu, fræðsluskrifstofu, grunn- og leikskóla, kirkju, lögreglu og heilbrigðisstofnun.
- Unnið verði að því að draga úr einangrun aldraðra og öryrkja m.a. með leitarstarfi.
- Markvisst verði unnið að kynningu á þjónustu stofnunarinnar s.s. með greinaskrifum og opinni umræðu.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Fræðsluskrifstofa

Starf skrifstofunnar felur í sér forvörn í víðasta skilningi þess orðs. Þjónustan tekur mið af þörfum skóla, barna og foreldra þeirra. Þjónustan er í nokkuð föstum skorðum, en vægi einstakra þátta getur verið mismikið milli ára allt eftir þörfum þjónustuþega.

Markmið:

- Bæta viðhorf til menntunar og skóla á þjónustusvæði skrifstofunnar.
- Draga úr tíðni hegðunarörðugleika
- Draga úr tíðni námsörðugleika
- Bæta lestrarkunnáttu
- Draga úr alvarlegum afleiðingum mál og talmeina
- Draga úr vanlíðan barna og unglunga
- Bæta uppeldisfærni foreldra.
- Auka þekkingu starfsfólks á uppeldisstofnunum bæjarins
- Sinna rannsóknum á starfssviði skrifstofunnar
- Veita viðeigandi ráðgjöf á hverju sérsviði fyrir sig.

Framkvæmd:

- Haldin námskeið tengd uppeldismálum/kennslu. Sérstök áhersla lögð á námskeið sem kenna tækni sem gera foreldrum og fagfólki kleift að koma í veg fyrir að börn nái að þróa með sér alvarlega hegðunarörðugleika.
- Haldnir fyrirlestrar á sérsviði hvers og eins.
- Samstarf við Íþrótt og Tímstundasvið, FFGÍR, Fjölskyldu og Félagsþjónustu, Heilsugæslu, Þjóðkirkju og aðra þá sem koma að forvörnum í Reykjanesbæ og nágrennabyggðarlögum.
- Skrifa greinar um uppeldis og skólamál í bæjarblöðin.
- Finna og greina börn með vandamál á frumstigi og veita þeim viðeigandi þjónustu til að koma í veg fyrir að börnin nái að þróa með sér alvarlega örðugleika
- Veita börnum, foreldrum þeirra, kennurum og öðru starfslíði viðeigandi ráðgjöf.
- Öllum foreldrum tveggja ára barna í Reykjanesbæ boðið að sækja námskeið í uppeldistækni.

- Lestrarfærni augin með framkvæmd áætlunarinnar Lestrarmenning í Reykjanesbæ.
- Athugun á gildi meðferðar við þunglyndi í samvinnu við sérfræðinga utan þjónustusvæðis
- Athugun á algengi ofvirkni á þjónustusvæði skólaskrifstofunnar.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Heiðarskóli

Markmið:

- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi.
- Að vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun.
- Að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og mikilvægi hollra lífshátta.
- Að grunnskólinn verði vímuefnalaus, nemendur neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Að eiga öflugt samstarf við foreldra, fræðsluskrifstofu, félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna.
- Að öflugt félagsstarf sé starfrækt innan skólans.
- Að koma til móts við misjafnar þarfir nemenda skólans, hvað varðar hegðunar- og námsörðugleika.
- Að eiga náið samstarf við íþróttafélög bæjarins.
- Að efla kennslu í lífsleikni, m.a. með fræðslu til starfsfólks og náninni samvinnu við námsráðgjafa.
- Að efla lestrarfærni nemenda skólans.

Framkvæmd:

- Stofnað verði forvarnarráð innan skólans.
- Reglulegir fundir forvarnarráðs, nemendaverndarráðs og eineltisteyma þar sem fylgt er eftir áætlun skólans í forvörnum.
- Skólinn starfar samkvæmt áætlun Dan Olweusar um einelti.
- Námsráðgjafi veiti nemendum m.a. ráðgjöf um náms- og starfsval og aðstoði nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og hæfileikum.
- Fastir tímar hjúkrunarfræðings í skólum, þar sem allir nemendur skólans eigi kost á viðtölum.
- Kennsla í lífsleikni.
- Þjóða nemendum í efstu bekkjum grunnskólans með hegðunar- og

námsörðugleika upp á færni- og áhugamiðað nám

- Reglusemi, útivist ungmenna og vímuefnalaus grunnskóli verði ætíð rædd á kynningarfundum umsjónarkennara og foreldra að hausti.
- Fylgja fast eftir banni við neyslu hvers kyns vímuefna í skóla, á skólalóð og í skólaferðalögum.
- Bjóða árlega upp á fræðslu fyrir foreldra í samráði við foreldrafélög, félagsmiðstöðvar, félagsþjónustu, heilsugæslu og lögreglu.
- Koma að og aðstoða foreldrafélag skólans við gerð og undirbúning foreldrasamninga.
- Aðstoða nemendaráð skólanna við uppákomur þar sem nemendur geta skemmt sér hver með öðrum án þess að vímuefni komi við sögu.
- Lestrarfærni nemenda aukin með þátttöku í verkefninu "Lestrarmenning í Reykjanesbæ.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Holtaskóli

Markmið:

- Að efla nemendur sem samfélagsverur og gera þá færa um að taka ábyrgð á lífi sínu.
- Að nemendur læri að þekkja tilfinningar sínar og þarfir, leysa úr ágreiningi og leiðrétta mistök sín í samskiptum.
- Að allir innan skólans sameinist um ákveðin lífsgildi og að fáar en traustar reglur standi vörð um þau.
- Að efla skólann sem umhyggjusamt samfélag og vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun.
- Að efla sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi.
- Að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og stuðla að hollum lífsháttum
- Að eiga öflugt samstarf við foreldra, ráðgjafa Fræðsluskrifstofu, félagsstarf á vegum bæjarins, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir er varða heill nemenda.

Framkvæmd:

- Kennurum verði kynntar aðferðir til að stjórna nemendum sínum með lágmarksþvingun án ótta. Þannig verði skapað í skólanum umhyggjusamt samfélag þar sem nemendur læra að bregðast af skynsemi við hvers kyns áreiti.
- Eineltismál verði unnin eftir eineltisáætlun skólans.
- Skólinn sameinist um ákveðin lífsgildi og nemendur noti þau sem leiðarljós í samskiptum. Ef samskiptin þróast út fyrir viðurkennd gildi er lögð áhersla á að nemendur læri af mistökum sínum, þroskist af þeim og haldi áfram sem betri manneskjur.
- Kennsla í lífsleikni verði styrkt m.a. með námskeiðum kennara á og/eða utan skólatíma og með útvegum bestu námsgagna sem völ er á.
- Reglusemi í námi og öllu skólastarfi, útivist ungmenna og vímuefnalaus grunnskóli verði ætíð rædd á kynningarfundum umsjónarkennara og foreldra að hausti.
- Fylgja fast eftir banni við neyslu hvers kyns vímuefna í skóla og á uppákomum á vegum skólans.
- Stuðla að námi/kennslu við hæfi hvers einstaklings til að sjálfsmynd hans styrkist.

- Stuðla að góðum og reglulegum samskiptum nemenda við skólahjúkrunarfræðing og námsráðgjafa í skólanum.
- Veita nemendum, foreldrum þeirra, kennurum og öðru starfsliði viðeigandi ráðgjöf m.a. með fræðslu í samráði við aðila sem koma að uppeldismálum í samfélaginu.
- Nemendaverndarráð og eineltisteymi myndi forvarnarráð sem heldur fundi reglulega og fylgir eftir áætlun skólans í forvörnum.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Myllubakkaskóli

- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi.
- Heilbrigð sál í hraustum líkama.
- Að vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun.
- Að fræða nemendur um skaðsemi vímu efna og mikilvægi hollra lífshátta.
- Að grunnskólinn verði vímuefnalaus, nemendur neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Að starfa með markvissum hætti með fræðsluskrifstofu, foreldrum, félagsmiðstöðvum, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna og almennra aðgerða í forvörnum.
- Að öflugt félagsstarf sé starfrækt innan skólans.
- Að koma til móts við misjafnar þarfir nemenda skólans, hvað varðar hegðunar og námsörðugleika.
- Að eiga náið samstarf við íþróttafélög bæjarins.
- Að efla kennslu í lífsleikni, m.a. með fræðslu til starfsfólks og náninni samvinnu við námsráðgjafa.
- Að efla lestrarfærni nemenda skólans.

Framkvæmd:

- Föst viðvera hjúkrunarfræðings í skólanum.
- Skipulegar heimsóknir tannfræðinga í skólann.
- Markvisst samstarf við Brunavarnir Suðurnesja.
- Lögreglan sinni umferðarfræðslu í skólanum.
- Reglulegar heimsóknir frá Vís vegna undirbúnings nemenda í 10. bekk fyrir bílpróf.
- Samvinna við Gídeonsfélagið.
- Samvinna við Tóbaksvarnarnefnd.

- Heimsókn fulltrúa alnæmissamtakanna.
- Samvinna við forvarnarfulltrúa Reykjanesbæjar s.s. leikflutningur stoppleikhússins.
- Samvinna við íþróttafélögin.
- Samvinna, við skáta, stúku og KFUM.
- Fræðslunámskeið fyrir starfsfólk.
- Samvinna við Fjörheima og menningar-íþrótt- og tómstundasvið.
- Persónuleg samvinna við sérfræðinga fræðsluskrifstofu.
- Lestrarfærni nemenda aukin með þátttöku í Lestrarmenning í Reykjanesbæ.
- Aðstoða nemendaráðs skólans við uppákomur þar sem nemendur geta skemmt sér hver meðr öðrum án þess að vímuefni komi við sögu.
- Fylgja ákveðið eftir banni við neyslu hverskyns vímuefna á skólalóð og í skólaferðalögum.
- Stuðla að námi við hæfi hvers einstaklings til að sjálfsmynd hans styrkist.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Njarðvíkurskóli

Markmið:

- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi
- Að vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun
- Að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og stuðla að hollum lífsháttum
- Að skólinn verði vímuefnalaus, nemendur neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna
- Að eiga öflugt samstarf við foreldra, ráðgjafa fræðsluskrifstofu, félagsmiðstöð, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna.

Framkvæmd:

- Kennsla í lífsleikni styrkt m.a. með námskeiðum kennara á og / eða utan skólatíma og með útvegum bestu námsgagna sem völ er á.
- Reglusemi, útivist ungmenna og vímuefnalaus grunnskóli verði ætíð rædd á kynningarfundum umsjónarkennara og foreldra að hausti.
- Fylgja fast eftir banni við neyslu hvers kyns vímuefna í skóla, á skólalóð og í skólaferðalögum.
- Aðstoða nemendaráð skólans við uppákomur þar sem nemendur geta skemmt sér hver með öðrum án þess að vímuefni komi við sögu.
- Stuðla að námi/kennslu við hæfi hvers einstaklings til að sjálfsmynd hans styrkist.
- Stuðla að góðum og reglulegum samskiptum nemenda við skólahjúkrunarfræðing og námsráðgjafa í skólanum.
- Veita nemendum, foreldrum þeirra, kennurum og öðru starfsliði viðeigandi ráðgjöf.
- Þjóða árlega upp á fræðslu fyrir foreldra í samráði við foreldrafélög, félagsmiðstöðvar, félagsþjónustu, heilsugæslu og lögreglu.
- Nemendaverndarráð og eineltisteymi myndi forvarnarráð sem heldur fundi reglulega og fylgir eftir áætlun skólans í forvörnum.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Leikskólar

Starf leikskólanna felur í sér forvörn í víðasta skilningi þess orðs. Leikskólastarfið tekur mið af þörfum hvers barns og foreldra þeirra.

Markmið:

- að styrkja sjálfsmynd barna, sjálfstraust og efla félagslega færni þeirra,
- að kenna þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu,
- að efla tilfinninga og félagsþroska barna,
- að vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun,
- að kenna börnum mikilvægi hollra lífshátta.
- að leggja áherslu á snemmtæka íhlutun, s.s. að greina þroskafrávik, félagslegar aðstæður og heilsufar barna.
- að leiðbeina og veita foreldrum upplýsingar um uppeldi og umönnun barna.
- að undirbúa börn vel undir næsta skólastig.
- að eiga öflugt samstarf við foreldra, Fræðsluskrifstofu, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Fjölskyldu- og félagsþjónustu, lögreglu og Brunavarnir Suðurnesja.

Framkvæmd:

- Leikskólastarf miðar af því að styrkja þessa þætti í gegnum dagleg samskipti sem einkennast af virðingu fyrir einstaklingnum og virkri hlustun.
- Stuðlað er að hollum lífsháttum barna með því að leggja áherslu á hreyfingu, hollt mataræði, útivist og hvíld.
- Lögð er áhersla á fjölgun fagfólks sem er sérmenntað í leikskólauppeldi og þar með hæft til að greina þroskafrávik barna. Ýmsir mats- og könnunarlistar eru nýttir til að greina frávik til að sinna þörfum hvers einstaklings svo hann fái kennslu við hæfi.
- Reglulegir fundir og einkasamtöl með foreldrum. Kynningarfundir og fyrirlestrar um menntun og uppeldi leikskólabarna.
- Öflugt samstarf við heimaskóla og markvisst undirbúningsstarf með elstu börnum leikskólans, sem m.a. felst í markvissri málörvun og almennri lífsleikni.

- Gott upplýsingastreymi til foreldra og foreldrafélags leikskólans s.s. með fréttabréfum og gerð veffangs.
- Reglulegar heimsóknir félagsráðgjafa frá Fjölskyldu- og félagsþjónustu, lögreglumanna og starfsmanna Brunavarna Suðurnesja í leikskólana.
- Öflugt samstarf við sérfræðinga Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar með samráðsfundum.
- Efla tengsl við Heilbrigðisstofnun með vísan í tilraunaverkefni í Tjarnarseli.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Félagsmiðstöð.

Í starfi Félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima er lögð áhersla á starf með unglungum á aldrinum 13-16 ára sem byggir á hornsteinum lýðræðis. Einkunnarorðin eru: áhugi, virkni, þátttaka og ábyrgð.

Markmið:

- Félagsmiðstöðin skal leggja áherslu á að efla félags- og tilfinningaþroska. Unglingum í Fjörheimum er gefinn kostur á að framkvæma í stað þess að vera einungis áhorfendur.
- Fjörheimar eru opnir fyrir áhrifum unglungamenningar, þannig að flestir finni eitthvað við sitt hæfi í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
- Sérstaklega skal leitast við að ná til unglunga sem ekki njóta sín í öðru æskulýðsstarfi. Allir fá sömu tækifæri óháð námsgetu og heimilisaðstæðum.
- Félagsmiðstöðin heldur úti markvissri fræðslu-, forvarnar- og leitarstarfi og beitir fjölbreyttum aðferðum við að auka líkur á árangri á þeim vettvangi.
- Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar skulu byggja upp jákvæða sjálfsmynd unglingsins.

Framkvæmd:

- Fjörheimar eru í samstarfi við ýmsa aðila, s.s. unglunga í Reykjanesbæ, fjölskyldu og félagsþjónustu, Fræðsluskrifstofu, skóla, foreldra, lögreglu, félög og samtök sem vinna að málefnum unglunga.
- Öll neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í Fjörheimum og á lóð félagsmiðstöðvarinnar.
- Öll tóbaksnotkun er bönnuð í Fjörheimum og á lóð félagsmiðstöðvarinnar.
- Starfsfólk setur skýr mörk við neikvæðri hegðun og er jákvæð fyrirmynd í leik og starfi.
- Heimasíðu Fjörheima inniheldur efni tengt forvörnum og fræðslu.
- Haldin eru regluleg fræðslukvöld tengd forvörnum í Fjörheimum.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Útídeild

Markmið:

- Starfa á vettvangi þar sem unglíngarnir eru hverju sinni til að kynna unglíngunum og skapa gagnkvæmt traust.
- Safna upplýsingum sem gefa mynd af núverandi lífsskilyrðum ungmenna og koma þeim á framfæri við samstarfsaðila.
- Stuðla að því að reglum um útivistartíma sé framfylgt í samstarfi við lögreglu, foreldrafélög og barnaverndaryfirvöld.
- Vekja áhuga unglínga á að stunda skóla, vinnu, tómstundir, jákvætt líf og efla félagsþroska.
- Starfa náið með barnaverndaryfirvöldum, foreldrasamtökum og skólum.

Framkvæmd:

- Starfsmenn Útídeildar starfa í Fjörheimum og þekkja því gjarnan þá unglínga sem eru úti eftir að lögbundnum útivistartíma lýkur.
- Félagsþjónustunni, foreldrum og lögreglu látnar í té upplýsingar þegar við á.
- Starfsmenn Útídeildar gefa sig á tal við þá unglínga sem eru úti eftir að útivistartími þeirra er liðinn. Ef reglur um útivistartíma eru ekki virtar, er haft samband annað hvort við lögreglu eða foreldra viðkomandi unglíngs.
- Beita þrýstingi til að leysa upp óæskilega hópamyndun eftir að útivistartíma lýkur og sporna gegn óæskilegri hegðun. Beitt er úrtölum og afskiptum og setur eftirlitið sig í samband við forráðamenn ef þarf.
- Benda lögreglu á eftirlitslaus samkvæmi og kalla til barnaverndaryfirvöld ef þurfa þykir. Náið samstarf er á milli Útídeildar og lögreglu.
- Leita uppi hópa og einstaklinga sem þurfa á stuðningi/aðstoð að halda.
- Barnaverndaryfirvöld fá mánaðarlega ábendingar um þau málefni sem Útídeild telur rétt að vekja athygli á.
- Útídeildin lætur skólum upplýsingar í té ef þess er óskað. Útídeildin kynnir starfsemi sína í efstu bekkjardeildum skólanna ár hvert.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Íþróttabandalag Reykjanesbæjar

Markmið:

Hvert og eitt félag skilgreini sitt fræðslu og forvarnastarf í kafla 3.7 í handbók sinni (Betri deild – Betra félag). Félögin eru sjálf ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar.

Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnastarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- áfengissala í tengslum við íþróttakeppni
- áfengisneysla í lokahófum
- reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum
- áfengisauklýsingar á eða við velli

Afreksfólk er fyrirmynd og þarf að haga sér í samræmi við það. Spurningar um siðferði, landslög, skynsemi, gott fordæmi o.fl. vakna.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir, ekki síst á þeim tímum sem mest hættu er á að þau leiti í „götuhangs”.

Íþróttafélög setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSÍ. Félög og deildir fræði börn og unglinga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

STEFNUYFIRLÝSING ÍSÍ UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI.

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþróttar og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnahlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

Setja fram markvissa stefnu

- hvetja íþróttar- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi og fíkniefnum
- móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum og gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklaus

Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- Hvetja íþróttar- og ungmennafélög til þess að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttar meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina

- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek

Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar

- Gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum
- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfa um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum
- Hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Tómstundabandalag Reykjanesbæjar

Markmið:

- Aðildarfélög festi í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu áfengis, tóbaks og fíkniefna svo og brotum á útivistartíma barna og unglinga þar sem það á við.
- Stuðla að aukinni og almennri þátttöku ungs fólks í hvers konar tómstunda- og félagsstarfi.
- Aðildarfélög móti sameiginlegar starfsreglur um hvernig skuli tekið á þeim vanda sem upp kann að koma varðandi brot á reglum sem gilda um áðurnefnd mál og kynna félagsmönnum sínum þær reglur og einnig hvernig unnið skuli að forvörnum.
- Taka þátt í samstarfi við aðila utan TRB sem sinna forvarnarstarfi.
- Styrkja þá ímynd að iðkun á hvers kyns tómstunda- og félagsstarfi og fíkniefnaneysla séu andstæður.
- Forvarnarstefna TRB verði í stöðugri endurskoðun.

Framkvæmd:

- Vinna markvisst að því að fjölga iðkendum meðal barna og unglinga í félagsstarfi sínu þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda hvers kyns áhugamál í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Kynna sem flestum aldurshópum starfsemi sína þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun en keppni og afrek.
- Hvetja aðildarfélög til að sjá félögum sínum fyrir viðfangsefnum sem stuðla að jákvæðri sjálfsmynd, sjálfsvirðingu og sjálfsaga.
- Aðildarfélög TRB dreifi fræðsluefni um skaðsemi fíkniefna, reglugerðir um útivistartíma og annað sem hefur forvarnargildi til félaga sinna.
- Aðildarfélög TRB flétti forvarnir inn í leiðsögn og félagsstarf hvers aðildarfélags.
- Aðildarfélög TRB eigi gott samstarf við bæjaryfirvöld, lögreglu, skóla, foreldrafélög og alla aðra aðila sem vinna að forvarnarstarfi.
- Aðildarfélög TRB banni neyslu áfengis, tóbaks eða fíkniefna í húsakynnum sínum og haldi því utan hvers kyns skemmtana sem fram fara á vegum félaganna.

- Félögin virði bann við auglýsingum á áfengi og tóbaki og birti ekki slíkar auglýsingar í sínum húsakynnum, á keppnisbúningum, búnaði, eða á þeim stöðum þar sem félagsstarf fer fram.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Skátafélagið Heiðabúar.

Skátahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í forvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum sem eru virk í skátastarfi, reiðir betur af og neyta síður vímuefna. Heiðabúar vilja efla enn frekar forvarnargildi skátastarfs með því að taka skýra stefnu gegn neyslu vímuefna.

Markmið:

- Skátar neyti ekki áfengis- eða vímuefna og ástundi heilbriggt lífni innan félagsins.
- Haft verði samstarf við foreldra.
- Samstarf verði við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.
- Foringjar gegni mikilvægu hlutverki í forvörnum.

Framkvæmd:

- Öll neysla fíkní- og vímuefna er bönnuð í skátaheimili, skátaskála, í útilegum og ferðum á vegum félagsins og á skátamótum. Þetta á jafnt við um skáta sem og aðra sem að nýta eignir skátafélagsins, eða tengjast félaginu á hinum ýmsu viðburðum.
- Heiðabúar munu bregðast sérstaklega við allri neyslu skáta undir 18 ára aldri í fyrrgreindri starfsemi félagsins. Foreldrar verða ávallt upplýstir um slíka neyslu.
- Heiðabúar munu bregðast við neyslu skáta sem eru sjálfráða. Viðbrögð Heiðabúa við brotum á reglum verða í formi tilmæla og ábendinga. Viðbrögð félagsins munu samt sem áður ávallt mótast af vilja til að aðstoða skátann til þess að aðlaga sig að reglunum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.
- Foringjar skulu starfa eftir forvarnarstefnu skátafélagsins Heiðabúa, þar með talið að bregðast við fíkní- og vímuefnaneyslu á viðeigandi hátt.
- Heiðabúar munu sjá foringjum fyrir fræðsluefni um áhrif fíkní- og vímuefnaneyslu á ástundun og frammistöðu í skátastarfi, sem og á einkalíf skátans.
- Foringjar skulu framfylgja stefnu skátafélagsins Heiðabúa varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.
- Heiðabúar munu upplýsa foreldra um stefnu skátafélagsins í fíkní- og vímuvörnum.

- Heiðabúar munu standa að góðu samstarfi við foreldra skáta með fræðslu um neikvæð áhrif fíkní- og vímuefna.
- Heiðabúar munu starfa náið með fagfólki í forvörnum og hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli skáta undir sjálfraeðisaldri.
- Heiðabúar munu hafa náið samstarf við þá aðila sem sinna tómslundastarfi barna og unglínga og fagaðila sem sinna markhópnum og fá frá þeim fraeðsluefni og hafa samráð um einstaklínga í áhættuhópi.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar –FFGÍR- Félag foreldrafélaga grunnskóla í Reykjanesbæ.

FFGÍR er samstarfsvettvangur foreldrafélaga og foreldraráða grunnskólanna í Reykjanesbæ

Samstarf foreldra hefur mikið forvarnargildi og öll foreldrafélög hafa það að markmiði að efla samstarf heimila og skóla, það skilar sér í auknu upplýsingaflæði og samvinnu á milli þessara mikilvægu stofnana. Vel upplýstir og ábyrgir foreldrar eru góð forvörn.

FFGÍR fundar síðasta mánudag í hverjum mánuði skólaársins. Fundina sitja formenn og varaformenn foreldrafélaganna og formenn foreldraráða. FFGÍR velur fulltrúa til setu í fræðsluráði Reykjanesbæjar. Foreldrafélögin skiptast á að eiga fulltrúa í fræðsluráði og er þá fulltrúinn jafnframt formaður FFGÍR og heldur fundina í sínum skóla. (Röðin er: Myllubakkaskóli, Njarðvíkurskóli, Heiðarskóli Holtaskóli)

Markmið:

- FFGÍR tekur þátt í gæðaverkefni ÍRB “Betri foreldrafélög í Reykjanesbæ”.
- FFGÍR sameinast um að gefa út handbækur fyrir öll foreldrafélögin í bænum.
- FFGÍR vill gera foreldrafélögin sýnileg og auka upplýsingaflæði til foreldra og frá foreldrum.
- FFGÍR mun beita sér fyrir því að haldin verði námskeið fyrir foreldraráð, bekkjarfulltrúa og stjórnarfólk foreldrafélaganna. Efla störf bekkjarfulltrúa.
- FFGÍR mun leggja fyrir foreldrasamninga í öllum bekkjardeildum grunnskólanna.
- FFGÍR mun beita sér fyrir skólakynningum fyrir foreldra barna í 1.bekk í upphafi skólaársins.

Framkvæmd:

- Öll foreldrafélög hafi netfang og sérstakan vef á heimsíðum skólanna.
- Útgáfa handbóka.. Bækurnar kynntar og FFGÍR kynnt sérstaklega. Verkefnisstjóri sjái um að kynna handbækurnar fyrir foreldrum – kennurum og nemendaráðum.
- Á hverju hausti verður farið yfir upplýsingar í handbókum og breytingar og leiðréttingar settar inn. Ný útgáfa af handbókum með viðauka komi út á hverju hausti að loknum aðalfundi félaganna.
- Öll foreldrafélögin hafi merki, lit og skammstöfun, þar sem séreinkenni hvers félags kemur fram.
- FFGÍR hefur verkefnisstjóra sem er kostaður af ÍRB. FFGÍR felur honum að vinna að markmiðum FFGÍR og koma í framkvæmd ýmsum verkum og erindum sem samþykkt eru á fundum FFGÍR.

- Tvisvar á ári, haust og vor, eru haldnir fyrirlestrar þar sem ýmis mál eru tekin fyrir er varða foreldra, með það að markmiði að efla foreldravitund og bæta líðan barna í grunnskólum.
- Fulltrúar frá FFGÍR og yfirsálfræðingur fræðsluskrifstofu haldi fund um samstarf heimila og skóla. Óskað verði eftir skólakynningu fyrir foreldra að hausti
- Foreldrafélög aðstoða 10.bekkinga vegna sameiginlegrar máltíðar með kennurum fyrir árshátíð skólanna.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Meginmarkmið:

Að nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja tileinki sér heilbrigða lífssýn og vímulausan lífstíl

Markmið:

- Að styrkja sjálfsmynd nemenda.
- Að reglur skólans um meðferð og neyslu áfengis og annarra vímuefna í húsakynnum, á lóð skólans, á ferðalögum og skemmtunum á vegum skólans séu virtar.
- Að allir nemendur skólans séu upplýstir um skaðsemi vímuefna á líf og heilsu.
- Að vinna að forvarnarstarfi með foreldrum/forráðamönnum nemenda.
- Að taka þátt í forvarnarstarfi sveitarfélaganna.

Framkvæmd:

- Forvarnarfulltrúi starfar við skólann og vinnur að skipulagi forvarnarstarfs með stjórnendum og námsráðgjafa og er félagslífsfulltrúa og nemendum til aðstoðar varðandi skipulagningu skemmtana.
- Forvarnarfulltrúi hefur samráð við félagsmálayfirvöld í sveitarfélögunum á Suðurnesjum um málefni ósjálfráða nemenda er tengjast neyslu vímuefna og vinnur úr upplýsingum varðandi vímuefnavanda nemenda og kemur málefnum í viðurkenndan farveg.
- Í öllu forvarnarstarfi skólans er lögð áhersla á að nemendur taki gagnrýna afstöðu til fíkniefnaneyslu.
- Forvarnarvika í FS er á haustönn. Þá verða skipulagðir fyrirlestrar á sal og aðrir viðburðir og vikunni lýkur með kvöldskemmtun í skólanum.
- Ef ósjálfráða nemendur eru sýnilega undir áhrifum vímuefna á skemmtunum eða ferðalögum skólans hefur forvarnarfulltrúi samband við foreldra og biður þá að ná í barn sitt. Sjálfráða nemendur eru keyrðir heim ef þeir eru sýnilega undir áhrifum vímuefna. Nemendur þurfa í kjölfarið að funda með forvarnarfulltrúa um lífsstíl sinn. Við endurtekin brot á reglum skólans er nemandi útilokaður frá skemmtunum og ferðalögum á hans vegum.
- Allir nemendur á fyrsta námsári eru í námsáfangi þar sem meðal annars er fjallað um sjálfsmynd, sjálfsstyrkingu, einelti og fordóma.

- Í öllum námsáföngum skólans er sjálfsmynd ne menda styrkt með því að kennarar hvetja þá til dáða og hrósa þeim fyrir vel unnin verk.
- Starfshópur innan skólans vinnur að stefnumörkun um heilsuefling

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Nemendafélag FS

Markmið:

- Leggja áherslu á vímulausan lífsstíl og heilbrigða lífssýn nemenda sinna.
- Vera í samstarfi við aðila utan skólans um forvarnir.
- Styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi.

Framkvæmd:

- Í skólanum starfar nemendafélag og gætir það bæði hagsmuna allra nemenda skólans sem í félaginu eru, auk þess sem það skipuleggur skemmtanir af ýmsu tagi.
- Í skólanum starfar einnig skólaráðsfulltrúi og gætir hann hagsmuna allra nemenda skólans, hvort sem þeir séu í nemendafélaginu eða ekki.
- Meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð á skemmtunum á vegum nemendafélagsins.
- Samstarf við aðra þá aðila sem koma að forvörnum með ýmsum uppákomum fyrir nemendur í skólanum t.d. fyrirlestrar og þess háttar.
- Stefnumótun í forvörnum verði í sífelldri endurskoðun.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar- Kirkjan

Markmið:

- Vinna að því að samborgararnir njóti þjónustu kirkjunnar og séu virkir þátttakendur í lífi hennar. Kirkjan laðar og leiðir en neyðir engan.
- Vinna að fjölskyldustefnu þar sem opin umræða er í fyrirrúmi.
- Stuðla að uppeldi sem tekur mið af fyrirmyndum, “gerðu eins og ég geri” fremur en “gerðu eins og ég segi”uppeldi.
- Laða fram það besta í fari hvers og eins og stuðla þannig að jákvæðri sjálfsmynd sem nærast á hvatningu og hrósi fremur en aðfinnslum.
- Efla siðferðisvitund og þroska einstaklinga með siðfræði samræðunnar að leiðarljósi þar sem menn færa rök fyrir skoðunum sínum.
- Efla uppeldisstarf í samvinnu við heimili og skóla eftir því sem kostur er.
- Leggja áherslu á kærleika og réttlæti og nauðsyn þess að gæta bræðra og systra.
- Mæta þeim sem leiðst hafa afvega og leggja sig fram um að skilja vanda þeirra í verki. Alltaf ber að virða einstaklinginn hver sem verk eða afbrot hans eru.
- Miðla siðferðis- og trúararfinum til uppvaxandi kynslóðar og taka á þeim vanda sem ungmenni standa frammi fyrir á hverjum tíma.
- Virða ber mannréttindi og ólík trúar- og lífsviðhorf.
- Skapa þau skilyrði að einstaklingar og hópar njóti hæfileika sinna og geti unnið að eigin velferð og hamingju.
- Virða ber manninn allan ásamt Guðs góðu sköpun. Engin aðskilnaður er milli efnis og anda í kristinni trú.

Framkvæmd:

- Vekja, kenna og virkja fólk til þátttöku í kristnu trúarlífi, hlú að trú, von og kærleika og hjálpa fólki að skynja að mátturinn fullkomnast í veikleika. Jesús er fyrirmynd og hjá honum er fyrirgefningu að finna.
- Efla helgihald, við hæfi hvers og eins, og trúarsamfélag sem miðar að sjálfsstyrkingu og umhyggju fyrir öðrum.
- Kirkjan, lærðir og leikir, koma boðskapnum á framfæri í guðsþjónustum, sunnudagaskólum, með þátttöku í námskeiðum, fræðslu, bænarlífi og mannlegum samskiptum úti í samfélaginu.

- Prestar sinni sálgæslu, vitji þeirra sem erfitt eiga, ræði við unglíngana og aðra sem þarfnast leiðsagnar. Allir geta veitt stuðning þegar á þarf að halda.
- Vinna að því að skapa grundvallartraust til lífsins og tilverunnar sem endanlega beinist til Guðs.
- Vinna að sáttargjörð og jákvæðum mannlegum samskiptum milli ólíkra hópa og við aðrar kirkjur og kirkjudeildir eftir því sem kostur er.
- Efla æskulýðsstarf innan kirkjunnar og hlú sem best að frjálssu og ábyrgu æskulýðsstarfi eins og KFUM & K og Skáta- og íþróttahreyfingunni sem hafa verið í góðum tengslum við þjóðkirkjuna í Reykjanesbæ.
- Vinna þverfaglega úr vandamálum.
- Að sinna mikilvægum þáttum í menningarmálum líkt og Ljósanótt og viðburðum þeim tengdum. Þátttaka í fjölbreytilegu menningarlífi eflir kirkju og samfélag.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Þroskahjálp á Suðurnesjum

Starf P.S. byggir m.a. á lögum um málefni fatlaðra, 1. kafla, 1. gr.; “Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi”.

Meginmarkmið

Að gert sé ráð fyrir fötluðum við skipulagningu alls þess sem boðið er upp á í samfélaginu, upplýsa og fræða til að auka skilning á fötlun og áhrifum hennar á líf hinna fötluðu og koma í veg fyrir fordóma.

Framkvæmd

- fatlaðir eigi sömu möguleika og aðrir til þátttöku í þjóðfélaginu almennt.
- fatlaðir njóti menntunar, búsetuúrræða, atvinnu, fræðslu, þátttöku í almennu tómstundastarfi o.s.frv. eftir því sem geta þeirra og áhugi stendur til.
- hin ýmsu tilboð séu þannig skipulögð að fatlaðir geti nýtt sér þau.
- fatlaðir og fjölskyldur þeirra þekki rétt sinn og geti nýtt sér hann.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar – Brunavarnir Suðurnesja.

Stefnu Brunavarnar Suðurnesja í forvarnarmálum er skipt í tvo meginþætti:

Almenningsfræðslu og hefðbundið eldvarnareftirlit.

Forvörnum Slökkviliðsins er ætlað að lágmarka og eða koma í veg fyrir manntjón, mengun og eignatjón.

Markmið:

- Lögð er áhersla á að ná til almennings í gegnum menntastofnanir á svæði Brunavarna Suðurnesja.
- Koma á og viðhalda samstarfi við leikskóla, grunnskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
- Gæta skal öryggis íbúa á þjónustusvæði B.S.
- Halda skal námskeið fyrir starfsfólk á þjónustusvæði B.S
- Skoða skal fyrirtæki til að lágmarka hættu á bruna.
- Heimsækja þau heimili sem eru í mestri fjarlægð frá slökkviliðinu (jaðarbyggðir á svæði B.S.).

Framkvæmd:

- Rýmingaáætlanir til fyrir hvern skóla. Haldin er æfing í hverjum skóla í byrjun skólaárs. Slökkviliðið er kallað út og tekur það þátt í að bjarga út nemendum og starfsmönnum sem lokast hafa inni vegna reyks , einnig tekur slökkviliðið þátt í Brunavarnarátaki LSS þar sem allir þriðjubekkingar á svæðinu eru heimsóttir og þeir fræddir um viðbrögð við eldi.
- Vaktmiðstöð B.S sér um vöktun brunaviðvörðunarkerfa, neyðarhnappa og fl. Vöktun brunaviðvörðunarkerfa leiðir til styttri útkallstíma ef um eld er að ræða. Þannig eru meiri líkur á að tjón vegna elds og reyks verði í lágmarki og að atvinnutækifæri glattist ekki .
- Vakta skal brunaviðvörðunarkerfi og neyðarhnappa. Þjónusta B.S með neyðarhnappa hefur gert öldruðum og veikum kleift að búa lengur heima, þar sem það hefur skapað þeim mjög aukið öryggi, sem felst í því að geta milliliðalaust náð sambandi við sjúkraflutningamenn Brunavarna Suðurnesja.
- Haldin eru námskeið fyrir starfsmenn á elliheimilum, leikskólum, sjúkrahúsinu og dagmæðrum o. fl. Á þessum námskeiðum er farið yfir brunavarnir bygginga, rýmingu og hvað hægt er að gera til að koma í veg fyrir eldsvoða og hvernig á að bregðast við eldi og rýma húsnæðið.

- Forvarnir er lúta að lágmörkun hættu á bruna í byggingum er sinnt með skoðunum eldvarnareftirlitsmanna í fyrirtæki og er farið í 3- 400 skoðanir í fyrirtæki á hverju ári. Í þessum skoðunum er lögð megináhersla á öryggi þess fólks sem í byggingunum er hverju sinni, þ.e að flóttaleiðir séu öruggar, einnig er litið til hólfunar bygginga með tilliti til útbreiðslu elds / reyks og öryggis þeirra slökkviliðsmanna sem þurfa að vinna við slökkvistörf ef eldur verður laus í byggingunni.
- Eldvarnareftirlitið fer á öll heimili í jaðarbyggðum á svæði B.S. og í þeim heimsóknum er farið yfir brunavarnir heimilisins og ráðlagt hvernig brunavörnunum sé best fyrir komið. Farið er yfir reykskynjara og skipt um rafhlöður í þeim fólki að kosnaðarlausu.

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar - lögreglan

Markmið:

- Færa lögregluna nær fólkinu, gera hana sjáanlegri og auka forvarnir ýmis konar.
- Halda áfram góðu samstarfi við félagsmálayfirvöld, skóla, foreldra og nemendur.
- Að efla samstarf við foreldra um útivistarreglur. Mikilvægt að gefin verði skýr skilaboð um að útivistarreglur verði virtar.

Framkvæmd:

- Stefna skal að því að setja sérstaka skólalögreglumenn fyrir hvern skóla í umdæminu. Þeir sjái um tengsl við foreldrafélög skólana og veiti þeim stuðning og fræðslu sem óskað er eftir. Þá sjái þeir um markvissa fræðslu fyrir nemendur.
- Auka eftirlit með ungmennum, hvað varðar útivist og hafa sérstakt eftirlit með þeim stöðum sem unglingar safnast saman á.
- Auka eftirlit með veitingastöðum í samstarfi við Útideild og standa með þeim fyrir reglulegum útivistaráttökum.